

Kynþroskaárin

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er **eingöngu** ætlað foreldrum/aðstandendum barna með þroskafrávik sem eru á aldrinum 10-18 ára.

Hámarksfjöldi þátttakenda

Á þessu námskeiði er hámarksfjöldi 12.

Lýsing

Fjallað er um kynþroskann hjá börnum og ungmennum og helstu áskoranir og álag sem foreldrar/aðstandendur upplifa oft í kringum þetta aldurskeið í lífi barna sinna. Farið er yfir að hverju þarf að hyggja og mikilvægi forvarna. Námskeiðið byggist á fyrirlestrum og umræðum.

Markmið

Að foreldrar/aðstandendur fái innsýn um leiðir sem hægt er að fara til að undirbúa og styðja börn sín á kynþroskaárunum. Hverju þarf að huga að í tengslum við þetta aldurskeið og deili reynslu sinni með öðrum foreldrum sem eru að fást við sama viðfangsefni í uppeldi barna sinna.

Umsjón

María Jónsdóttir, félagsráðgjafi